



Hljóðsmárinn ehf  
Hólavegur 5  
580 Siglufjörður

Fjallabyggð, 21. maí 2019  
Nr. erindis 1905030 / GSG

## Spurning vegna stytta af Gústa Guðsmanni

Í fyrirspurninni er ýjað að því að bæjarstjóri hafi lofað svokölluðum „þremenningum“ milljónum króna í verkefnið. Slík vinnubrögð samræmast ekki góðri stjórnsýslu og eru ekki viðhöfð í sveitarfélaginu. Rétt er að fara yfir staðreyndir þessa máls:

1. ágúst 2017  
Erindi frá Vigfúsi Þór Árnasyni og fl. þar sem eru kynntar hugmyndir að gerð stytta af Gústa Guðsmanni og staðsetning hennar á Siglufirði.
2. Afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar samþykkt í bæjarstjórn 18. október 2017.
3. Málið tekið fyrir 11. júlí 2018 í skipulags- og umhverfisnefnd. Nefndin samþykkir staðsetninguna af stytta af Gústa á Ráðhústorginu á Siglufirði.
4. Bæjarráð 9. ágúst 2018.  
Áhugamannafélag um gerð stytta af Gústa Guðsmanni fer fram á að Fjallabyggð skipuleggi og kosti umhverfi styttunnar með hellum og bekkjum svo og að hanna og steypa undirstöður styttunnar. Umsögn deildarstjóra tæknideildar var að áætlaður kostnaður á verkefnið væri 2.5 – 3 milljónir króna.
5. Bæjarráð 14. ágúst 2018.  
Fulltrúar Sigurvins – áhugamannafélags um minningu Gústa Guðsmanns mæta á fundinn.  
Bæjarráð samþykkir að skipuleggja og kosta umhverfi styttunnar.
6. Samkvæmt bókhaldi Fjallabyggðar var kostnaður bæjarsjóðs vegna styttunnar tæpar 2 milljónir króna.
7. Tveir af svokölluðum þremenningum eiga lögheimili í Fjallabyggð og borga sína skatta þar.

Virðingarfyllst,

# Fjallabyggð



f.h. bæjarráðs Fjallabyggðar

---

Guðrún Sif Guðbrandsdóttir  
Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármála